

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 5. október 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-62/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 22. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Álitsbeiðandi virðist gera þá kröfu að felldir verði niður nánar tilgreindir reikningar seljanda á hendur henni.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningsefni aðila eins og því er lýst í álitsbeiðni varðar flutningskostnað vegna pakkasendingar og fellur ekki undir framangreind lög og þar með hefur kæruneftndin ekki heimild til að gefa álit sitt á því. Ber henni þar af leiðandi að vísa álitsbeiðninni frá, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin telur rétt að benda á að samkvæmt álitsbeiðni virðist ágreiningur aðila eiga undir lög nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu en skv. 4. gr. þeirra laga fer Neytendastofa með eftirlit með lögnum.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir